

5. fundur fötlunarráðs Norðurljóps

19. júní 2019

Fundinn sátu: Karólína Kr. Gunnlaugsdóttir, Arna Þórarinsdóttir, Jóna Rún Skarphéðinsdóttir, Einar Víðir Einarsson og Hermína Hreiðarsdóttir.

1. Fræðsluferð Fötlunarráðs Norðurljóps til Akureyrar.

Fyrsta stopp á Akureyri var í Þrastarlundi þar sem eru 7 karlkyns íbúar í 6 íbúðum, þetta eru erfiðir einstaklingar. Þetta er sjálfstæð búseta með viðeigandi aðstoð. Þar er notuð þjónandi leiðsögn.

Næsti staður var frístund/skammtímavistun við Þórunnarstræti. Þar eru notendurnir frá einum og upp í tuttugu. Þau eru með morgun-, dag- og kvöldþjónustu. Notendur geta verið upp í þrjár vikur samfellt í skammtímavistuninni en lokað er fyrir gistingu frá 19. júlí til 9. ágúst.

Þriðja stoppið var í Borgargili þar sem er sjálfstæð búseta. Þar eru sex íbúðir og sex notendur, hver íbúð er 55 m². Þrjár íbúðir eru sitt hvoru megin við sameiginlegt miðjurými. Notendurnir eru tvær ungar konur og sex ungir menn. Þar er líka notuð þjónandi leiðsögn eins og í Þrastarlundi. Þrjár íbúðir eru með brautum í loftinu og ætlaðar notendum í hjólastólum.

Fjórdða heimsóknin var í Plastiðjuna Bjarg sem er verndaður vinnustaður en líka blandaður. Þar vinna fatlaðir í 50% stöðugildi. Þar er framleitt ýmislegt til raflagna, auk mjólkursípoka, steyptra kerta og endurunnin útikerti. Þessi vinnustaður er rekin af Akureyrarbæ. Í Plastiðjunni vinna allt að 70 manns með endurvinnslunni (plastflöskur, dósir).

Hermína Hreiðarsdóttir ritaði fundargerðina.

Fundur hófst kl. 9.00

Fundi lauk kl. 15.45

*Arna Þórarinsdóttir
Hermína Hreiðarsdóttir
Einar Víðir Einarsson*

Karólína Kr. Gunnlaugsd.
Jóna Rún Skarphéðins